

Fundargerð 493

Fimmtudaginn 19. nóvember 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarkerfinu Teams. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Halldóra K. Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Gunnar Þorgeirsson (GP), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÐ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Pétur Grétarsson (PG) lánasérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 10), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9), Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fundi kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Tillaga um hækkun óverðtryggðra vaxta - til afgreiðslu
3. Nesbraut 7, Reyðarfirði, sala fullnustueignar - til afgreiðslu
4. Tilnefning stjórnar Byggðarannsóknasjóðs - til afgreiðslu
5. Uppfærðar reglur um peningaþvætti - til afgreiðslu
6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
8. Drög að starfs- og rekstraráætlun 2021 - til kynningar
9. Gagnatorg Byggðastofnunar - kynning á virkni og notagildi
10. Hlutabréfasafn Byggðastofnunar - til kynningar
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggja fundargerðir funda stjórnar nr. 491 og 492.

Formaður bar upp fundargerðirnar og voru þær samþykktar samhljóða.

2. Tillaga um hækkun óverðtryggðra vaxta - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs með tillögu um hækkun álags á vexti óverðtryggðra lána stofnunarinnar sem til komið er vegna hækkunar á lánskjörum sem stofnuninni bjóðast og mikillar lækkunar á REIBOR vöxtum. Hefur það leitt til minni vaxtamunar en stefnt er að skv. áhættustefnu stofnunarinnar. AÐ, AME og MH kynntu minnisblaðið.

Lagt er til að vaxtakjör óverðtryggðra lána stofnunarinnar hækki um 100 punkta (1,0%) frá og með 1. desember nk. þvert á alla lánaflokk.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AÐ, AME og MH.

Stjórn telur rétt að vaxtakjör stofnunarinnar og markmið í áhættustefnu um vaxtamun séu rædd oftár á fundum stjórnar.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

3. Nesbraut 7, Reyðarfirði, sala fullnustueignar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstöðumanni lögfræðisviðs um tilboð sem stofnuninni hefur borist í fasteignina Nesbraut 7 á Reyðarfirði frá félaginu Kranar ehf. upp á 40 m.kr.

Lánanefnd leggur til við stjórn að tilboðið verði samþykki.

Til máls tóku MBJ, GP og KB.

Formaður bar upp tillögu lánanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

4. Tilnefning stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns þróunarsviðs um skipun stjórnar fyrir Byggðarannsóknarsjóð en sjóðurinn hefur þann tilgang að efla byggðarannsóknir og bæta þekkingargrunn fyrir stefnumótun og aðgerðir í byggðamálum.

Með vísan til 2. gr. reglna um Byggðarannsóknarsjóð er lagt til að í stjórn verði skipuð til þriggja ára:

- Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, formaður
- Halldóra Kristín Hauksdóttir, stjórnarmaður í Byggðastofnun
- Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar

Til vara:

- Kjartan Ólafsson, lektor við Háskólann á Akureyri
- María Hjálmarsdóttir, stjórnarmaður í Byggðastofnun.
- Alfa Jóhannesdóttir, sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar

Spurt var um laun fyrir skipaða stjórnarsetu í nefnd og sagði AP að reglur yrðu búnar til um það og yrðu miðaðar við þóknun fyrir hvern setinn fund.

Til máls tóku MBJ, GP og KB.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

5. Uppfærðar reglur um aðgerðir gegn peningabætti - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggja uppfærðar reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka en uppfærslurnar eru í samræmi við ábendingar innri endurskoðanda.

HÁ kynnti breytingarnar sem snúast um að sýna fram á að áreiðanleikakönnun hafi átt sér stað og að ábyrgðarmanni peningabættis sé gert viðvart um uppgreiðslur eða innaborganir lána sem ekki eru samkvæmt forsendum skuldabréfa.

Ósk kom fram um að breytingar sem þessar sjáist í skjölum sem lögð eru fyrir stjórn.

Formaður bar upp reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og voru þær samþykktar samhljóða.

6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 40/20-44/20 sem AME kynnti

Til máls tóku GP, MBJ og AP.

7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun og staða rekstrar 31. október sl. sem AP kynnti.

Ræddi hann m.a. endurskoðun byggðaáætlunar og útgáfu grænbókar. Samfélagsmiðlastefnu fyrir Byggðastofnun sem er í vinnslu, auk ný útgefinnar skýrslu um ríkisstörf.

Spurt var út í viðbrögð við beiðni stofnunarinnar um aukið eigið fé og flutningsjöfnunarsjóð olíuvara sem AÞ svaraði.

Til máls tóku MBJ, GP og KB.

8. Drög að starfs- og rekstraáætlun 2021 - til kynningar

Fyrir fundinum liggja drög að starfs- og rekstraráætlun ársins 2021 sem AÞ kynnti en hún var lögð fram til kynningar og umræðu. Endanleg útgáfa verður lögð fyrir stjórn til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar í desember.

Til máls tóku KB og MBJ.

9. Gagnatorg Byggðastofnunar - kynning á virkni og notagildi

SÁ og ÞS komu á fundinn undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað þeirra um Gagnatorg Byggðastofnunar og Þjónustukort sem SÁ kynnti en þessi verkefni eru unnin skv. lið C.13 í byggðaáætlun en verkefnismarkmiðið er að stefnumótun á sviði byggðamála og framkvæmd hennar byggi á traustum gögnum.

ÞS kynnti síðan nýja útgáfu af gagnatorginu en stefnt er að því að það verði tekið í notkun innan skamms.

Til máls tóku MBJ, MaH, KB, og HÓ.

SÁ og ÞS viku af fundi.

10. Hlutabréfasafn

PG kom á fundinn undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggur kynning á hlutabréfasafni Byggðastofnunar sem PG kynnti.

Til máls tóku MBJ, KB og AÞ.

PG vék af fundi.

11. Önnur mál

Rætt var um rekstrarumhverfi fiskeldisstöðva og hvort tilefni væri til að gera samanburðargreiningu á starfsumhverfi og gjaldlagningu á greinina á Íslandi m.v. nágrannalönd okkar.

12. Næsti fundur

Næsti fundur skv. starfsáætlun er 3. desember nk. Ákveðið að næsti fundur verði þess í stað haldinn fimmtudaginn 10. desember kl. 9:00.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:24

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Sigríður Jóhannesdóttir